

**Nd.**

**894. Breytingartillögur**

**[301. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 8. gr.

1. Við fyrri málsl. 4. mgr. b-liðar (86. gr.) bætist: sbr. þó ákvæði síðari málsl. 1. mgr. 88. gr.
2. Við 1. mgr. d-liðar (88. gr.) bætist: Heimilt er að hækka hlutfall lána til félagslegra kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna í allt að 95% þegar í hlut eiga sveitarfélög með svo veikan fjárhag að sýnt þykir að þeim sé ókleift að hafa forgöngu um byggingu kaupleiguíbúða án sérstakrar aðstoðar.
3. Við e-lið (89. gr.) bætist: sbr. þó ákvæði síðari málsl. 1. mgr. 88. gr.
4. G-liður (91. gr.) orðist svo:

Sá sem hefur fengið úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., leigu með kaupum á eignarhluta, sbr. 93. gr., eða kaup, sbr. 94. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verður leigð eða seld. Þó er heimilt að takmarka sölu við tiltekinn eignarhlut ef um er að ræða byggingu íbúða til leigu samfara kaupum á eignarhlut.

5. Á eftir h-lið (92. gr.) komi nýr stafliður (93. gr.) er orðist svo (röð annarra stafliða og greina breytist í samræmi við það):

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt að íbúð með því að selja honum eignarhlut í henni með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn, enda lækki leigugjald sem því nemur. Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þessari grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur innt af hendi.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu án vaxta. Framkvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.